

### Jólagarðurinn

Um áratugaskeið hefur Reykjanesbær staðið fyrir viðburði í upphafi aðventu þar sem tekið hefur verið á móti jólatré frá vinabæ okkar í Noregi, Kristiansand, og ljósin tendruð á því. Þangað hefur sendiherra Noregs á Íslandi verið boðið sem ávarpað hefur íbúa auk þess sem forseti bæjarstjórnar hefur veitt trénu viðtöku við stutta athöfn. Í framhaldi hefur verið stutt dagskrá fyrir börnin, dansað í kringum jólatréð með jólasveinum og bæjarbúum boðið upp á heitt súkkulaði. Nú hefur formlegt vinabæjarsamband verið aflagt og því ekki ástæða lengur til að viðhafa sömu umgjörð. Áætla má að í kringum 4-500 manns hafi að jafnaði sótt þennan viðburð sem hefur farið fram á laugardegi fyrir fyrsta sunnudag í aðventu.

Í ljósi þessara breyttu aðstæðna hafa sprottið upp hugmyndir um að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi í þá veru að nýta skrudgarðinn og torgið við Tjarnargötu betur í aðdraganda jóla og gera að nokkurs konar jólagarði. Sjá má fyrir sér að fjölskyldur leggi leið sína í skrudgarðinn til að skoða jólaskreytingarnar og taka þátt í dagskrá tengdri jolum. Hugmyndin gengur út á að skreyta garðinn eða hluta hans og torgið með ljósum og fleiru þannig að þangað verði eftirsóknarvert að koma og upplifa skemmtilega jólastemningu. Hægt væri að koma upp nokkrum söluskúrum þar sem lista- og handverksfólk, auk félaga í fjáröflun, gætu selt skemmtilegan varning tengdan jolum og þar væri hægt að bjóða upp á alls kyns viðburði fyrir fjölskyldur svo sem að koma saman og syngja jólasöngva, hitta jólasveina, grilla sykurpúða yfir opnum eldi og þannig mætti áfram telja. Sjá mætti fyrir sér að í framtíðinni væri þar dagskrá hverja helgi í desember fram til jóla.

Þannig verða til aukin gæði sem fleiri fá notið á lengra tímabili en á einum afmörkuðum klukkustundar löngum viðburði við tendrum ljósanna á vinabæjartrénu.

Eins og allir vita hefur þetta ár einkennst af miklum erfiðleikum á öllum sviðum, ekki síst fyrir íbúa Suðurnesja og Reykjanesbæjar og hafa flestar áætlanir farið úr skorðum. Í því samhengi var t.d. mikill undirbúningur búinn að eiga sér stað í aðdraganda Ljósanætur og ljóst að mikill vilji var meðal íbúa til að standa saman og leggja af mörkum til að hátíðin gæti átt sér stað. Því miður gengu þær áætlanir ekki eftir.

Það væri því einstaklega skemmtilegt að geta glatt íbúa með fallegum jólagarði í skrudgarðinum okkar. Jólagarðurinn er verkefni sem getur þróast. Í ár væri hægt að leggja áherslu á að koma upp umgjörðinni þótt viðburðum yrði haldið í lágmarki eða í takt við gildandi takmarkanir. Garðurinn myndi hiklaust gleðja gesti og gangandi. Framkvæmdin yrði til framtíðar og á næsta ári mætti leggja meiri áherslu á viðburði. Jólagarðurinn gæti þannig orðið upphafið að nýjum tóni í jólahaldi í Reykjanesbæ.